

**2000 nr. 148 20. desember****Lög um dómtúlka og skjalapýðendur**

Tóku gildi 1. júlí 2001. Breytt með l. 143/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríkisráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Með dómtúlki og skjalapýðanda er í lögum þessum átt við þann sem öðlast hefur löggildingu til að annast túlkun fyrir dómi og þýðingu skjala sem hafa réttarlegt gildi.

□ Dómtúlkar og skjalapýðendur eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.

■ **2. gr.** Rétt til að öðlast löggildingu sem dómtúlkur eða skjalapýðandi hefur sá sem fullnægir þessum skilyrðum:

a. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að annast túlkun og þýðingar,

b. hefur staðist próf skv. 3. gr.

□ Heimilt er að synja manni um löggildingu ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

■ **3. gr.** Sá sem óskar eftir að öðlast löggildingu sem dómtúlkur eða skjalapýðandi skal standast próf sem sýni að hann hafi þá þekkingu og færni sem nauðsynleg er til að gegna starfinu.

□ Til að annast framkvæmd prófs skipar [ráðherra]<sup>1)</sup> þriggja manna prófstjórn til fjögurra ára í senn. Til að meta úrlausnir í einstökum tungumálum skipar ráðherra þriggja manna prófnefnd fyrir hvert tungumál. Skipun prófnefndar gildir fyrir hvert próf sem haldið er.

□ Í reglugerð<sup>2)</sup> sem [ráðherra]<sup>3)</sup> setur að fengnum tillögum prófstjórnar skal kveðið nánar á um framkvæmd prófs og mat prófúrlausna. Eftt skal til prófraunar að jafnaði annað hvert ár.

□ Sé óskað réttinda í tungumáli sem ekki er unnt að efna til prófs í sökum þess að ekki er fyrir hendi viðhlítandi þekking á því tungumáli hér á landi er [ráðherra]<sup>3)</sup> heimilt að veita löggildingu samkvæmt tillögu prófstjórnar, enda hafi umsækjandi sýnt fram á kunnáttu sína í íslensku sem og í hinu erlenda tungumáli á þann hátt sem prófstjórn metur gildan. Einnig er ráðherra heimilt að veita löggildingu til skjalapýðingar á grundvelli erlendra löggildingar, enda taki sú löggilding til íslensku.

□ Að fenginni tillögu prófstjórnar ákveður [ráðherra]<sup>3)</sup> gjald sem umsækjendum ber að greiða fyrir að þreyta prófraun. Skal upphæð þess miðuð við kostnað við prófraunina. Gjald-

ið er öndurkræft þótt umsækjandi hverfi frá prófi eða standist það ekki.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 314. gr. <sup>2)</sup> Rg. 893/2001. <sup>3)</sup> L. 162/2010, 165. gr.

■ **4. gr.** [Umsókn um löggildingu skal beint til sýslumanns. [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að ákveða<sup>2)</sup> að löggilding skuli vera á hendi eins sýslumanns. Umsækjandi skal leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum 2. gr. Hann skal vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem dómtúlki eða skjalapýðanda og gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptamönnum sínum. Fyrir útgáfu löggildingar skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.]<sup>3)</sup>

□ [Sýslumaður]<sup>3)</sup> gefur út löggildingarskírteini fyrir dómtúlka og skjalapýðendur. Sá einn getur hlotið löggildingu sem dómtúlkur sem jafnframt er löggiltur sem skjalapýðandi. Heimilt er að veita löggildingu til að þýða af erlendu máli á íslensku án þess að veitt sé löggilding til að þýða af íslensku á erlenda málið og öfugt.

□ Skjalapýðendur skulu auðkenna og undirrita skjöl þau er þeir þýða eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð sem [ráðherra]<sup>1)</sup> setur.

□ [Dómtúlkar og skjalapýðendur skulu tilkynna sýslumanni hvar starfsstöð þeirra er og breytingar á henni. Hlutadeigandi sýslumaður skal halda skrá um þá sem hafa löggildingu samkvæmt lögum þessum.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 165. gr. <sup>2)</sup> Rg. 1122/2006, sbr. 1152/2014 og 545/2015. <sup>3)</sup> L. 143/2006, 17. gr.

■ **5. gr.** Nú fullnægir skjalapýðandi eða dómtúlkur ekki skilyrðum a-liðar 1. mgr. 2. gr. til að fá löggildingu og má [sýslumaður]<sup>1)</sup> þá fella löggildingu hans úr gildi.

□ Hafi löggilding verið felld úr gildi skal hún veitt að nýju eftir umsókn án endurgjalds eða prófraunar ef fullnægt er öllum skilyrðum til að öðlast löggildingu.

<sup>1)</sup> L. 143/2006, 18. gr.

■ **6. gr.** Sá einn má nefna sig dómtúlk eða skjalapýðanda sem hefur til þess löggildingu. Öðrum er óheimilt að nota íslensk eða erlend heiti sem til þess eru fallin að villast megi á þeim og þessum heitum hvort sem um er að ræða starfsheiti einstakra manna eða firmaheiti. Brot gegn þessu varða sektum.

■ **[7. gr.** Ákvarðanir sýslumanns samkvæmt lögum þessum eru kærnanlegar til [ráðuneytisins].<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 165. gr. <sup>2)</sup> L. 143/2006, 19. gr.

■ **[8. gr.]<sup>1)</sup>** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001. . . .

<sup>1)</sup> L. 143/2006, 19. gr.